

Sp. 352. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um ráðstafanir til sparnaðar á gjaldeyri og eflingu útflutningsstarfsemi.

Flm.: Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við samtök iðnaðarmanna, iðnrekenda og iðnverkafólks, að kanna leiðir til þess að hvetja almenning, m. a. í ríkisfjölmíðlum, til aukinna kaupa og neyslu á vörum, sem framleiddar eru í landinu, og jafnframt að leita leiða til þess að auka sölu á íslenskum afurðum erlendis með því að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna, samræma og efla starfsemi þeirra aðila, sem fást við sölu íslenskra afurða erlendis.

Greinargerð.

Mesta rýrnun á viðskiptakjörum, sem orðið hefur frá stríðslokum, skall yfir þjóðina á árinu 1974. Vísitala viðskiptakjara, sem var í ársbyrjun um það bil 123 stig miðað við 100 að meðaltali á árinu 1972, fór niður undir 90 stig á síðasta ársfjórðungi 1974. Þetta er viðskiptakjararýrnun á einu ári sem nemur yfir 30%. Svo að nefnd séu dæmi varð olíuhækkunin slík, að sama magn, sem íslendingar

keyptu af sovétmönnum af olíu á árinu 1973 og kostaði þá um það bil 1600 millj. kr., kostaði á árinu 1974 nálægt 4400 millj. kr. Stórfelld verðlækkun varð á sjávarafurðum erlendis samtímis og hélt auk heldur áfram eftir 1. jan. 1975, svo að talið er jafngildi 8—10% verðlækkunar frá áramótum.

Flestir munu sammála um, að alvarlegasta hlið þessa vanda, þegar kjör allrar þjóðarinnar versna með svo skjótum og stórfelldum hætti, sé sú staðreynd, að sáralítill gjaldeyrisvarasjóður var til þegar áföllin skullu yfir, þrátt fyrir nýafstaðin góðæri til lands og sjávar, sem eru þau hagstæðustu að því er varðar uppskeru, afla og verð á sjávarafurðum, er þjóðin hefur lifað. Gjaldreyrissjóðurinn er nú þórrinn og horfur eru mjög tvísýnar vegna viðskiptakjararýrnunar, að greiðslujöfnuður við útlönd náist á yfirstandandi ári, þrátt fyrir nýafstaðna gengisbreytingu og fyrirhugaðar erlendar lántökur til framkvæmda, sem spara eða auka gjaldreyriseign þjóðarinnar. Þegar svo er komið er augljóst, að efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar er hætt, breyti hún ekki lifnaðarháttum sínum um sinn og aðhalds og sparnaðar verði gætt, bæði í opinberum rekstri og hjá einstaklingum.

Þegar þannig er ástatt, er einsýnt að finna þarf leiðir til þess að spara gjaldreyri og efla útflutningsstarfsemi. Rétt gengisskráning er grundvallarforsenda fyrir því að slíkt megi takast. Á hinn bóginn er unnt og raunar nauðsynlegt að fylgja áhrifum gengisbreytingarinnar eftir í þessu efni, þ. e. a. s. með gjaldreyrissparandi aðgerðum og aukinni sölustarfsemi á íslenskum afurðum erlendis.

Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að spara eigi gjaldeyri með því að banna innflutning á svonefndum ónauðsynlegum varningi, þ. e. a. s. með innflutningshöftum. Slíkar hugmyndir koma allajafna meira á dagskrá, þegar svo er ástatt í gjaldreyrismálum eins og nú er. Hér er í raun um að ræða oftrú á því, að stjórnvöld eigi í einu og öllu að hafa vit fyrir hinum almenna borgara, og vantrú á því, að hann geti sjálfur best dæmt um, hvað honum finnst þarft eða óþarft. Reynsla okkar íslendinga af slíkri haftastefnu er auk heldur mjög neikvæð. Höftin og hönnin verða lifseig, ef þeim er á annað borð komið á, því að erfiðara reynist að kveða þá drauga niður en vekja upp. Þegar fram í sækir kemur slík haftastefna óumflýjanlega niður á uppbyggingu atvinnulífsins, auk þess sem hún hefur ómæld áhrif til kjaraskerðingar. Staðreyndin er sú, að við íslendingar urðum að búa árum og jafnvel áratugum saman lengur við innflutningshöft og aðra skömmtun eftir styrjöldina en aðrar þjóðir Vestur-Evrópu, og átti það sinn þátt í því hvað okkur gekk illa að koma á efnahagslegum framförum hér á landi á sínum tíma.

Fleiri aðgerðir eru tiltækar til þess að spara gjaldeyri en innflutningshöft. Ein er sú, sem hér er lagt til, að hvetja fólk til þess að sneiða hjá því að kaupa innfluttar vörur, en velja þess í stað íslenskar vörur, ef unnt er. Hér er um að ræða aðferð til sparnaðar á gjaldeyri, sem höfðar til sjálfsforræðis fólks, skynsemi og þjóðhollustu, þegar svo alvarlega horfir í gjaldreyrismálum sem raun ber vitni. Ef vel tekst til að vekja þjóðina til meðvitundar um hvað hér er í húfi, er líklegt að íslendingar muni kunna betur að meta það sem íslenskt er miklu lengur en yfirstandandi þrengingar vara, því að staðreynd er, að íslensk iðnaðarvara er fyllilega samkeppnishæf við erlendar vörur á mörgum sviðum. Hér er því um að ræða jákvæða leið, sem eflir íslenskt atvinnulíf í bráð og lengd, gagnstætt því sem uppi er á teningnum um höft og bönn.

Þær aðgerðir, sem koma helst til greina, eru, að stjórnvöld hafi forgöngu um samstarf milli íslenskra iðnrekenda, iðnaðarmanna og iðnverkafólks og rétti þessum aðilum örvandi hönd um að efla almenna upplýsingastarfsemi um íslenskar iðnaðarvörur og hvetja fólk til þess að kaupa íslenskar framleiðsluvörur á slíkum alvörutímum, þegar völ er á íslenskum vörum í stað erlendra. Fyrirgreiðsla hins opinbera gæti að verulegu leyti falist í því, að opinberir fjölmiðlar tækju að sér slíka upplýsinga- og auglýsingastarfsemi gegn vægu gjaldi. Skylt er að geta þess, að iðnverkafólk hefur þegar sýnt lofsverða viðleitni á þessu sviði með auglýsingastarfsemi. Þetta sýnir, að áhugi iðnverkafólks er vakinn, og rétt og skylt fyrir

rikisvaldið að taka hér undir. Stjórnvöld hafa margoft lýst því meginmarkmiði, að þrátt fyrir þessi stórfelldu áföll sé stefnt að því að allir vinnufærir menn haldi fullri atvinnu, eftir því sem tæk eru á. Með framangreindum aðgerðum er í raun ekki einvörðungu hvatt til sparnaðar á dýrmætum gjaldeyri, heldur er örvuð sú atvinnustarfsemi, sem veitir miklum hluta starfandi fólks í landinu atvinnu. Þessar aðgerðir hafa því sitt að segja til þess að halda uppi fullri atvinnu, þrátt fyrir fyrrgreind utanaðkomandi áföll.

Að því er varðar síðari lið þessarar tillögu, þá er auðvitað nauðsynlegt við slíkar aðstæður sem hér hefur verið lýst í gjaldeyrismálum að gera ráðstafanir, sem hvetja til aukins útflutnings og sölustarfsemi á íslenskum afurðum á erlendum mörkuðum. Í því sambandi kemur mjög til greina að endurskipuleggja utanríkisþjónustuna í því skyni að hún verði betur í stakk búin til þess að aðstoða við sölustarfsemi erlendis en nú er. Rétt er að benda á, að nú munu liggja fyrir í utanríkisráðuneytinu tillögur um þetta atriði, þ. e. a. s. starfsemi viðskiptafulltrúa á þeim svæðum, þar sem við höfum mestra hagsmuna að gæta. Margir aðilar vinna nú að sölustarfsemi á erlendum mörkuðum. Nauðsynlegt er að samræma og samhæfa sölustarfsemi þeirra aðila, um leið og slík skipulagsbreyting yrði gerð á utanríkisþjónustunni og hér er minnst á, jafnframt því sem starfsemi þessara útflutningsstofnana sé efld eftir því sem tæk eru á.